

Ár 2019, fimmtudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Sigurði Inga Halldórssyni og Sigurði Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 9/2019:

KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild Vals

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

KSÍ
Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri

Knattspyrnudeild Vals
Fyrirsvarsmaður: Sigurður K. Pálsson framkvæmdastjóri
Hlíðarenda, 101 Reykjavík

II.

Málsatvik:

Framkvæmdastjóri KSÍ beindi erindi til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 19. ágúst 2019 varðandi meint brot Knattspyrnudeildar Vals á gr. 3.6 í reglugerð um búnað knattspyrnuliða.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að KSÍ hafi gert athugasemdir við merkingar á ermum á búningum hjá Val og hafi slíkar athugasemdir verið gerðar 30. apríl, 20. maí, 24. júní, 1. ágúst og 12. ágúst 2019. Í gr. 3.6 í reglugerð um búnað knattspyrnuliða kemur fram að gera skuli ráð fyrir auglýsingum á báðum ermum treyju fyrir samstarfsaðila viðkomandi deildar.

Af hálfu KSÍ er farið fram á að aga- og úrskurðarnefnd taki til skoðunar hvort beita skuli Knattspyrnudeild Vals agaviðurlögum í samræmi við ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2019, var Knattspyrnudeild Vals gefinn frestur til 30. ágúst 2019 til að skila skriflegri greinargerð vegna málsins.

Knattspyrnudeild Vals skilaði inn skriflegri greinargerð, dags. 30. ágúst 2019. Í svari þeirra kemur fram að þeir telji fjölmörg lið hafa brotið umrætt ákvæði og leggja til að

merkingar á búningum Vals verði lagfærðar fyrir næsta tímabil og málið látið niður falla að öðru leyti.

III. Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort Knattspyrnudeild Vals hafi gerst brotleg við ákvæði gr. 3.6 í reglugerð um búnað knattspyrnuliða og þá hvort og hvaða agaviðurlögum skuli beita vegna þessa.

Í málinu liggja fyrir gögn er sýna að merkingar á búningum Vals eru ekki í samræmi við fyrrgreint ákvæði reglugerðar um búnað knattspyrnuliða. Þá er það ekki véfengt að hálfu knattspyrnudeildar Vals að merkingar á ermum treyja hafi ekki verið í fullu samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Samkvæmt gr. 4.2 í reglugerð um búnað knattspyrnuliða er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ meintum brotum á reglugerðinni. Málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og getur nefndin beitt þeim viðurlögum sem þar er getið.

Liggur fyrir að KSÍ hefur ítrekað bent Knattspyrnudeild Vals á að merkingum á ermum treyja þeirra er ábótavant og ekki í samræmi við reglugerð um búnað knattspyrnuliða og óskað úrbóta þar á. Ekki hefur verið brugðist við ítrekuðum ábendingum af hálfu Knattspyrnudeildar Vals að öðru leyti en með yfirlýsingu um að merkingar verði lagfærðar fyrir næsta keppnistímabil.

Telja verður mikilvægt að lið sem keppa innan vébanda KSÍ virði þær reglur sem gilda um búnað knattspyrnuliða. Á það ekki síst við um lið sem keppa í efstu deildum karla og kvenna. Í ljósi alls ofangreinds verður ekki komist hjá því að beita Knattspyrnudeild Vals agaviðurlögum samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál vegna brots á reglugerð um búnað knattspyrnuliða.

Með vísan til ákvæða gr. 12.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er Knattspyrnudeild Vals veitt áminning vegna brota á ákvæðum gr. 3.6 í reglugerð um búnað knattspyrnuliða. Er Knattspyrnudeild Vals ennfremur veittur 15 daga frestur frá og með dagsetningu þessa úrskurðar til að tryggja að merkingar á treyjum liðsins séu í samræmi við fyrrgreint ákvæði reglugerðar um búnað knattspyrnuliða. Verði úrbótum ekki komið við innan þessa tímafrests leggjast dagsektir á Knattspyrnudeild Vals, frá og með 15 dögum frá uppkvaðningu þessarar úrskurðar, að fjárhæð kr. 5.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til úrbótum hefur verið komið við.

IV. Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Vals er veitt áminning. Dagsektir að fjárhæð kr. 5.000 leggjast á Knattspyrnudeild Vals frá og með 15 dögum frá uppkvaðningu þessarar úrskurðar, fyrir hvern dag sem líður þangað til úrbótum á merkingum treyja félagsins hefur verið komið við.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Pröstur Ríkharðsson [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Sigurður Guðmundsson [sign]